

40. fundur

Hafnarnefnd Stykkishólms hélt fund mánudaginn 4. október 2004 kl. 20:00 í Ráðhúsinu. Mættir voru Símon M. Sturluson, formaður, Kristinn Ó. Jónsson, Guðbrandur Björgvinsson, Hrannar Pétursson, Björgvin Guðmundsson, Konráð Ragnarsson, hafnarvörður og Óli Jón Gunnarsson, bæjarstjóri.

Formaður setti fund og stjórnaði. Bæjarstjóri ritaði fundargerð.

1. Umsókn Atlantsolíu um aðstöðu við höfnina.
Hafnarnefnd samþykkir að úthluta aðstöðu á grjótgarði við Árnasteina. Frágangur verði í samráði við byggingarfulltrúa og hafnarvörð.
2. Bréf umhverfisráðuneytisins, dags. 28.9. sl. um stöðumat varðandi skip og báta við strendur landsins.
Hafnarnefnd fór yfir það sem nefndin vissi um skipsflök á innanverðum Breiðafirði. Kristinn og Konráð munu ganga frá endanlegu yfirliti.
3. Gjald við básabryggjur.
Hafnarnefnd ákvað að skoða málið nánar fyrir næsta fund.
4. Staða hafnarvarðar.
Rætt var um starfslýsingu fyrir væntanlegan hafnarvörð og breytingar þegar núverandi hafnarvörður lætur af störfum vegna aldurs.
Formaður mun fá bæjarritara til að aðstoða við að ganga frá starfslýsingu.

Fleira ekki gert.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Óli Jón Gunnarsson (sign.),
Björgvin Guðmundsson (sign.),
Símon Sturluson (sign.),
Kristinn Ó. Jónsson (sign.),
Guðbrandur Björgvinsson (sign.),
Hrannar Pétursson (sign.).

Íhs.